



Verkferill Vesturbyggðar við val á umsóknum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

1. Menningar- og ferðamálafulltrúi tekur saman lista yfir umsóknir sem koma til greina hverju sinni eigi síður en tveimur mánuðum fyrir auglýstan umsóknarfrest. Listinn skal byggja á áfangastaðaáætlun Vestfjarða, ferðamálastefnu Vesturbyggðar, fyrri umsóknum í sjóðinn og áherslum sjóðsins hverju sinni. Listinn er lagður fyrir menningar- og ferðamálaráð til yfirferðar og forgangsröðunar. Ákvörðun ráðsins um val á verkefnum byggir á stigagjöf eftir fyrirfram ákveðinni matrixu út frá áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða hverju sinni.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram um hvert og eitt verkefni:

- a) Stutt lýsing á verkefninu.
 - b) Hver er staða verkefnisins.
 - c) Drög að kostnaðaráætlun þar sem gerð er grein fyrir heildarkostnaði verkefnisins, umbeðinni styrkupp hæð og mótframlagi og aðkomu sveitarfélagsins.
 - d) Hvort verkefnið sé í samræmi við áfangastaðaáætlun Vestfjarða og ferðamálastefnu Vesturbyggðar.
 - e) Hafi sveitarfélagið sótt um fyrir einhverju verkefnanna áður en fengið synjun skal fylgja með rökstuðningur Ferðamálastofu og fyrri stigagjöf.
2. Út frá forgangsröðun og stigagjöf leggur menningar- og ferðamálaráð fram tillögu fyrir bæjarráð eigi síður en sex vikum fyrir auglýstan skilafrest hvaða verkefni sveitarfélagið ætti að sækja um til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Miðað er við að sækja um tvö til þrjú verkefni hverju sinni.
 3. Bæjarráð tekur lokaákvörðun um hvaða verkefni verður sótt um með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Ákvörðun bæjarráðs skal byggja á tillögum menningar- og ferðamálaráðs.
 4. Að lokinni samþykkt bæjarráðs ber menningar- og ferðamálafulltrúi ábyrgð á því að fylla út umsóknirnar í samstarfi við hagaðila, kynna fyrir menningar- og ferðamálaráði og senda inn til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.